



## Fundargerð

271. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 23. febrúar kl. 16:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Úlfar Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson Hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

- 1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2022 (2023020495)**  
Hafnarstjóri fór yfir stöðuna í endurskoðun á ársreikningi hafnarinnar vegna ársins 2023.
- 2. Bréf Sýslumannsins á Suðurnesjum, dags. 15.02.23 (202302414)**  
Bréf Sýslumannsins á Suðurnesjum, dags. 15.02.23, þar sem tilkynnt er fyrirhuguð leiðrétting á eigendaskráningu á eignum sem skráðar eru á Reykjaneshöfn á grundvelli afsals ríkissjóðs sem dagsett er 28.12.1989. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar mótmælir fyrirhugaðri framkvæmd enda sé hún ekki í samræmi við vilja hlutaðeigandi hagsmunaaðila sem eru í dag Reykjaneshöfn annars vegar og Reykjanesbær hins vegar. Núverandi eigendaskráning er í samræmi við vilja og samþykktir eigenda hafnarinnar við yfirtöku þeirra á starfsemi hennar 1. janúar 1990. Stjórn Reykjaneshafnar felur hafnarstjóra að fylgja málinu eftir til að tryggja hagsmuni hafnarinnar í samráði við eigenda hafnarinnar sem er Reykjanesbær. Samþykkt samhljóða.*
- 3. Atvinnuþróunarstefna Reykjanesbæjar (2023020501)**  
Farið var yfir skipulag þeirrar vinnu sem hafin er við mótun atvinnuþróunarstefnu fyrir Reykjanesbæ.
- 4. Skipaþjónustuklasi (2023010393)**  
Farið var yfir stöðu verkefnisins Skipaþjónustuklasi.
- 5. Hafnasamband Íslands (2023010394)**
  - Fundargerð 449. fundar stjórnar Hafnasamband Íslands frá 20.01.23.  
Lögð fram til kynningar.
  - Ársreikningur Hafnasamband Íslands 2022.  
Lagður fram til kynningar.
- 6. Skemmtiferðaskip (2023010396)**  
Farið var yfir stöðu undirbúnings vegna þátttöku hafnarinnar í ráðstefnunni *Seatrade Cruise Global*.
- 7. Norðurál Helguvík ehf. (2020080524)**

Farið var yfir stöðu mála er varðar þrotabúið.

**8. Upplýsingagjöf hafnarstjóra (2023020513)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

**Samþykkt samhljóða.**

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.